

# EFNISTAKA Í LAMBAFELLI Í LANDI SVEITARFÉLAGSINS ÖLFUSS

## Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum

### HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Í samræmi við 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og 24. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Jarðefnaiðnaðar, sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Matsskýrsla Jarðefnaiðnaðar byggði á auglýstri frummatsskýrslu, umsögnum og athugasemdum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og afstöðu Jarðefnaiðnaðar til þeirra.

Skipulagsstofnun telur að matsskýrsla Jarðefnaiðnaðar hafi uppfyllt skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hvað varðar þau atriði sem getið er í 18. grein reglugerðar nr. 1123/2005. Einnig telur stofnunin að í matsskýrslu sé gerð grein fyrir athugasemdum og umsögnum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og þeim sé svarað á fullnægjandi hátt.

Skipulagsstofnun telur að mestu áhrif efnistöku Jarðefnaiðnaðar í Lambafelli í landi Sveitarfélagsins Ölfuss komi til með að verða sjónræn, sem og á landslag og jarðmyndanir. Þau áhrif verði talsverð neikvæð. Efnistakan muni breyta ásýnd svæðisins, sérstaklega séð frá Lambafellshrauni og hluta Svínahraunsbruna.

Skipulagsstofnun telur að sá kostur sem valinn er í matsskýrslu, þ.e. Tillaga 1a, feli í sér meiri sjónræn áhrif en ef unnið verði eftir Tillögu 2. Því veldur fyrirkomulag efnistökkunnar, sem gerir ráð fyrir að norðuröxl Lambafells verði numin í burtu strax í fyrsta áfanga og því mun efnistakan sjást greinilega úr norðri. Tillaga 2 gerir hins vegar ráð fyrir því að norðuröxlin fái að halda sér. Skipulagsstofnun telur að þó Tillaga 1a verði fyrir valinu, megi draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum efnistökkunnar með því að fylgja Tillögu 2 í fyrstu áföngum. Samkvæmt því haldist norðausturhlíð fellsins eins og hún er nú og hún ekki fjarlægð fyrir en í síðasta áfanga efnistökkunnar.

Stofnunin telur að áhrif framkvæmdanna á grunn- og neysluvatn verði óveruleg, en stofnunin hvetur til þess að við útgáfu starfsleyfis verði hugað að ráðstöfunum til að lágmarka hættu á mengunarslysi. Jafnframt hvetur stofnunin til þess að framkvæmdaraðili framfylgi áformum sínum um að hafa jafnan litlar olúbyrgðir á framkvæmdasvæðinu og tryggja gott viðhald vinnuvéla.

Skipulagsstofnun telur óhjákvæmilegt að samanlögð efnistaka úr aðliggjandi námum muni hafa talsverð neikvæð sjónræn áhrif í för með sér, en til mótvægis kemur að efnistaka úr þessum námum er í samræmi við markmið stjórnvalda um að hafa efnisnámur fremur fáar og stórar í stað margra minni náma. Stofnunin telur brýnt að náíð samstarf verði milli aðila sem reka námur í Lambafelli og að þeir skilji við svæðið þannig að frágangur námanna skapi eina samfellda heild. Þar telur Skipulagsstofnun brýnast að halli fláa verði svipaður og á hlíðum fjalla í nágrenni Lambafells. Einnig að uppgræðsla svæðisins hafi það að markmiði að stuðla að framvindu þess gróðurs sem fyrir er á svæðinu.

1	INNGANGUR.....	3
1.1	Athugun Skipulagsstofnunar .....	3
1.2	gögn lögð fram við athugun Skipulagsstofnunar .....	3
2	FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ .....	3
2.1	Efnistaka og efnistökusvæði .....	3
2.2	Frágangur.....	4
2.3	Samlegð Efnistöku Jarðefnaiðnaðar og Árvéla í Lambafelli.....	5
3	NIÐURSTAÐA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM.....	5
3.1	Áhrif á menn og samfélag .....	5
3.1.1	Sjónræn áhrif og áhrif á landslag .....	5
3.1.2	Áhrif á loftgæði .....	6
3.1.3	Áhrif á samfélag og landnotkun.....	7
3.2	Áhrif á menningarminjar .....	8
3.3	Áhrif á náttúrufar .....	8
3.3.1	Áhrif á vatnafar .....	8
3.3.2	Áhrif á gróður og dýralíf .....	9
3.3.3	Áhrif á jarðmyndanir .....	9
3.4	Staða skipulags og leyfisveitinga.....	10
4	NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR.....	11

## 1 INNGANGUR

### 1.1 ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

Þann 8. júlí 2008 sendi Bölti, f.h. Jarðefnaiðnaðar, frummatsskýrslu um efnistöku í Lambafelli í landi Sveitarfélagsins Ölfuss til athugunar hjá Skipulagsstofnun, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 16. júlí 2008 í Lögbirtingablaðinu, Morgunblaðinu og Fréttablaðinu. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 16. júlí til 27. ágúst 2008 á bæjarskrifstofum Sveitarfélagsins Ölfuss, Bókasafni Þorlákshafnar, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á Netinu: [www.jei.is](http://www.jei.is). Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Sveitarfélagsins Ölfuss, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar. Á kynningartíma barst Skipulagsstofnun engin athugasemd. Skipulagsstofnun sendi umsagnirnar og athugasemdirnar til Böltu.

Þann 22. september 2008 sendi Bölti, f.h. Jarðefnaiðnaðar, matsskýrslu um efnistöku í Lambafelli í landi Sveitarfélagsins Ölfuss til Skipulagsstofnunar og óskað eftir álitum stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

### 1.2 GÖGN LÖGÐ FRAM VIÐ ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

**Frummatsskýrsla.** Efnistaka í Lambafelli í landi Sveitarfélagsins Ölfuss. 6. júlí 2008.

#### Umsagnir bárust frá:

- Sveitarfélaginu Ölfusi með bréfi dags. 14. ágúst 2008.
- Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 6. ágúst 2008.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 14. júlí 2008.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 15. ágúst 2008.

**Athugasemdir:** Engin athugasemd barst á kynningartíma

**Matsskýrsla:** Efnistaka í Lambafelli í landi Sveitarfélagsins Ölfuss. 20. september 2008

## 2 FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ

### 2.1 EFNISTAKA OG EFNISTÖKUSVÆÐI

Efnistökusvæði Jarðefnaiðnaðar er staðsett í Lambafelli við Þrengslaveg, um það bil 30 km frá Reykjavík og 2 km suður af gatnamótum Þrengslavegar og Hringvegar. Í gögnum Jarðefnaiðnaðar kemur fram að tilgangur framkvæmdanna sé að vinna fyllingarefni til mannvirkja og gatnagerðar, einkum á höfuðborgarsvæðinu og stuðla að atvinnuuppbygging í héraði. Stærð umráðasvæðis (lóðar) fyrirtækisins er 37,1 ha og verður aðkoma á svæðið sameiginleg með Árvélum sf., sem taka efni úr Lambafelli í landi Hjallatorfu, sunnan við lóð Jarðefnaiðnaðar.

Í matsskýrslu eru lagðir fram tveir kostir vegna efnistöku úr námummi næstu 30 ár, eða til ársins 2038, til athugunar og álits Skipulagsstofnunar. Tillaga 1 felur í sér að tekið verði allt að 18.000.000 m<sup>3</sup> af efni úr fjallinu, sem jafngildir um 600.000 m<sup>3</sup> á ári að jafnaði. Vinnslusvæði verði allt að 23,1 ha að stærð, botn námu verði í þeirri hæð sem nú er (280-290 m.y.s.) og unnið verði upp í um 520 m.y.s.. Vegna athugasemda Umhverfisstofnunar er í matsskýrslu lögð fram breyting á Tillögu 1 (svokölluð Tillaga 1a), sem felur í sér að skilgreint vinnslusvæði sé að mestu leyti utan við hraun, sem

liggur á milli Þrengslavegar og námusvæðis. Miðað við þá tillögu verði stærð vinnslusvæðis allt að 22,1 ha en efnistakan verði þó sú sama og Tillaga 1 geri ráð fyrir. Samkvæmt Tillögu 2 sé gert ráð fyrir að tekið verði allt að 15.000.000 m<sup>3</sup> af efni úr fjallinu, sem jafngildir um 500.000 m<sup>3</sup> á ári að jafnaði. Vinnslusvæði verði allt að 19,5 ha að stærð, botn námu verði í þeirri hæð sem nú er (280-290 m.y.s.) og unnið verði upp í um 510 m.y.s.

Fram kemur að gert sé ráð fyrir að unnið verði á 50-70 m breiðum stöllum; byrjað efst og pallarnir unnir niður á botn námunnar. Efni verði losað og því rutt fram af stöllum niður á aðstöðusvæðið (botn námu) þar sem það verði meðhöndlað. Fram kemur að efni úr Lambafelli sé mest bögglaberg, sem verði selt ýmist óunnið eða malað og harpað á staðnum í mismunandi stærðarflokka. Það efni sem búið sé að vinna verði haugsett í botni námunnar. Fram kemur í matsskýrslu að gert sé ráð fyrir að efnistaka Jarðefnaíðnaðar hafi byrjað sumarið 2008, þ.e. áður en niðurstaða mats á umhverfisáhrifum framkvæmdanna liggi fyrir.

Í athugasemd Umhverfisstofnunar við frummatsskýrslu kemur fram að í ljósi hins langa vinnslutíma telji stofnunin rétt að efnistakan verði áfangaskipt, t.d. 10 ára vinnslutímabil, og að áætlunin um efnistöku verði endurskoðuð reglulega í samráði við hlutaðeigandi aðila. Í matsskýrslu skiptir framkvæmdaraðili efnistökuinni í þrjá áfanga, hver um sig til 10 ára: 2008-2018 verði unnið upp í u.þ.b. 460 m.y.s, 2018-2028 verði unnið upp í u.þ.b. 490 m.y.s, 2028-2038 verði unnið upp í u.þ.b. 520 m.y.s. Gert sé ráð fyrir að áætlun um efnistöku verði endurskoðuð reglulega og hún kynnt hlutaðeigandi aðilum.

## 2.2 FRÁGANGUR

Fram kemur að á meðan á framkvæmdum standi verði jarðvegur, sem ýtt verður ofan af vinnsluefni (frákast), geymdur í botni námunnar og á brún hennar. Að framkvæmd lokinni sé gert ráð fyrir að frákasti verði ýtt fram af námubrúnum og jarðvegurinn sitji að einhverju leyti í hlíð námunnar og myndi þannig skilyrði fyrir endurheimt gróðurs í hlíð hennar. Bergstálið verði með halla 3:1, en skriðufótur á neðstu 60 m bergsins með skriðhalla (1:1). Botn námunnar verði tekinn með jöfnum halla (1:40) til að hindra að vatn safnist þar fyrir. Frákast úr botni námunnar verði jafnað yfir vinnslusvæðið að framkvæmd lokinni, vegir jafnaðir út og sáð í svæðið lágvöxnu grasi og hægvirkur áburður borinn á.

Í athugasemd Umhverfisstofnunar við frummatsskýrslu kemur fram að þegar gengið verði frá námunni eigi fláar að vera í sem mestu samræmi við upprunalegan landhalla og því þurfi fláar að vera nokkuð flatari en gert er ráð fyrir í frummatsskýrslu. Framkvæmdaraðili fellst ekki á þessa athugasemd. Áætlað er að með minni flá þurfi að fara í hrunhalla 1:1, sem minnki vinnanlegt magn um 1/3. Með því að nýta námuna eins og kostur er, þ.e. alveg inn að bergstáli, verði minni þörf á að taka efni af öðrum svæðum í námunda við höfuðborgarsvæðið. Við námuvinnsluna sé því miðað við að nota halla, sem sé svipaður og í bergfláum sem víða má sjá í íslenskri náttúru. Við lokafrágang verði myndaður skriðufótur undir bergfláanum, eins og víða megi sjá í fjöllum á Suðurlandi.

Til að draga úr hættu á jarðvegsfoki telur Umhverfisstofnun að ekki eigi að haugsetja mold eða annað efni á fjallinu til lengri tíma, heldur flytja efnið upp á fjallið eins seint á vinnslutíma og kostur er. Framkvæmdaraðili segir að ekki verði um mikið magn að ræða en ekki komi til greina að efni verði flutt upp í fjallið í þessum tilgangi. Bendir hann á að frákast, sem kann að verða sett við námubrúnir, sé efni sem ýtt verði ofan af

vinnsluefni og efst á vinnslusvæðinu (fjallinu) verði frákastið til á seinni hluta vinnslutímans.

## **2.3 SAMLEGÐ EFNISTÖKU JARÐEFNAIÐNAÐAR OG ÁRVÉLA Í LAMBAFELLI**

Námur Jarðefnaiðnaðar ehf. og Árvéla sf. liggja saman í Lambafelli. Samkvæmt matsskýrslu Árvéla verði efnistökusvæðið um 18 ha að grunnfleti í samanburði við allt að 23 ha efnistökusvæði Jarðefnaiðnaðar, eða samtals 41 ha. Árvélar áformi efnistöku allt að 27.000.000 m<sup>3</sup> og Jarðefnaiðnaður 18.000.000 m<sup>3</sup>. Á 30 árum sé gert ráð fyrir að unnið verði úr þessum tveimur námum í Lambafelli samtals 45.000.000 m<sup>3</sup>, sem jafngildi 1.500.000 m<sup>3</sup> á ári að jafnaði.

## **3 NIÐURSTAÐA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM**

### **3.1 ÁHRIF Á MENN OG SAMFÉLAG**

#### **3.1.1 Sjónræn áhrif og áhrif á landslag**

Í matsskýrslu kemur fram að efnistaka í Lambafelli verði sýnileg af Hringvegi (1) á um 7-8 km vegarkafla, þ.e. frá mismögum gatnamótum í Svínahrauni og upp fyrir brekkuna við Skíðaskálann á Hellsheiði. Þar sem hlíðar Lambafells eru ósnortnar séu gróskulegar dældir og brekkurætur neðst og skriður klæddar mosapembum upp í miðjar hlíðar. Efst á fjallinu séu mosapembur og melar. Beinna áhrifa á landslag gæti þegar í hlíðum fjallsins vegna núverandi efnistöku. Norðausturhlíð Lambafells sé nú þegar verulega röskuð og muni frekari efnistaka breyta ásýnd fjallsins varanlega og óafturkræft. Meðan á framkvæmdum standi og að þeim loknum muni breytt útlit Lambafells blasa við útivistarfólki, vegfarendum á þjóðvegum sem liggja um svæðið og gestum Hellsheiðarvirkjunar. Auk þess geri aðalskipulag Ölfuss ráð fyrir að framkvæmdasvæði Orkuveitunnar verði meðfram aflögðum vegi, sem liggja í vestur frá Hringvegi að Þrengslavegi á mótis við námusvæði Jarðefnaiðnaðar. Í framtíðinni verða svæði norður af námusvæðinu, síður aðlaðandi til útivistar fyrir náttúruunnendur en áður var. Fram kemur að Tillaga 2 sé mildari kostur með tilliti til sjónrænna áhrifa af þjóðvegum norðan við námu Jarðefnaiðnaðar, en aðeins um stutta vegalengd enda skyggi Lambafellshnjúkur á námusvæðið að hluta til.

Fram kemur að mikil áhersla verði lögð á snyrtilega umgengni á framkvæmdartíma og að honum loknum verði frágangur vandaður. Þegar efnistöku úr námunni ljúki verði hlíðum fjallsins gefin ný ásýnd, sem svipti til þess sem sjá má í landslagi í nágrenni námunnar, með bröttu bergi eða klettahlíð og skriðu undir henni. Botn námunnar verði með 1:40 halla út úr námunni, svo ekki standi í honum vatn og bergstálið verði með halla 3:1 en skriðufótur á neðstu 60 m bergsins með skriðhalla (1:1), sem minnki hættu vegna hruns og geri útlitið náttúrulegra. Botn námunnar verði tekinn með jöfnum halla (1:40) til að hindra að vatn safnist þar fyrir. Að endingu verði vegir jafnaðir út og frákast, sem tekið var úr botni námunnar í upphafi, jafnað yfir vinnslusvæðið á ný. Fylgt verði ráðum sérfræðinga um að sá í svæðið lágvöxnu íslensku grasi og bera á hægvirkan áburð. Ekki verði sáð í bergflötinn en ætlunin sé að dreifa hægvirikum áburði fram af brúnum námunnar, til að flýta fyrir myndun náttúrlægs gróðurs. Uppgræðsla muni standa yfir í nokkur ár og vera gerð í samráði við náttúrufræðinga.

Í athugasemd Umhverfisstofnunar við frummatsskýrslu bendir stofnunin á að norðurhlíð Lambafells blasi við á stuttum kafla þegar ekið er eftir Hringvegi og Þrengslavegi úr vestri. Tekur stofnunin undir með framkvæmdaraðila og telur að af

tveimur kostum sé Tillaga 2 betri út frá sjónrænum áhrifum. Þann kost eigi að velja því samkvæmt honum verði hlíðinni mót norðri hlíft. Framkvæmdaraðili fellst ekki á tillögu Umhverfisstofnunar og telur rétt að fara eftir afbrigði af Tillögu 1, þ.e. Tillögu 1a. Minna efni fáist samkvæmt Tillögu 2, sem nemur 3.000.000 m<sup>3</sup> og sjónrænum áhrifum vegfarenda verði aðeins hlíft um stuttan spöl. Auk þess verði skilið eftir skálarlaga svæði sem muni bera merki um efnistöku frá öðrum sjónarhornum, um ókomna framtíð.

Í matsskýrslu kemur fram að sjónræn áhrif og áhrif framkvæmda á landslag verði talsvert neikvæð. Áhrifin verði varanleg og óafturkræf en þeirra gæti á takmörkuðu svæði fyrir vegfarendur og útivistarfólk.

*Efnistaka Jarðefnaiðnaðar.* **Skipulagsstofnun** telur að sá kostur sem Jarðefnaiðnaður velur við efnistöku úr námu Sveitarfélagsins Ölfuss, þ.e. Tillaga 1a, feli í sér meiri sjónræn áhrif en ef unnið verði eftir Tillögu 2. Því veldur fyrirkomulag efnistökkunnar sem gerir ráð fyrir að norðuröxl Lambafells verði numin í burtu strax í fyrsta áfanga og því mun efnistakan sjást greinilega úr norðri. Tillaga 2 gerir hins vegar ráð fyrir því að norðuröxlin fái að halda sér. Skipulagsstofnun telur að þó Tillaga 1a verði fyrir valinu, megi draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum efnistökkunnar með því að fylgja Tillögu 2 í fyrsta áfanga. Samkvæmt því nái efnistaka úr norðausturhlíð fellsins ekki lengra til norðurs en nú er og ekki verði tekið efni úr hlíðinni lengra til norðurs fyrir en í síðasta áfanga efnistökkunnar. Skipulagsstofnun telur að með því móti verði unnt að draga úr sjónrænum áhrifum efnistökkunnar til norðurs, a.m.k. þar til að ráðist verði í þann áfanga í lokin.

*Efnistaka Árvéla.* **Skipulagsstofnun** telur að ef efnistöku í Hjallatorfu verði háttáð samkvæmt valkosti<sup>1</sup> Árvéla þá verði sjónræn áhrif minni heldur en ef valkostur 2 yrði valinn. Valkostur framkvæmdaraðila felur í sér að syðsti hluti Lambafells helst óraskaður, sem gerir það að verkum að námusvæði Hjallatorfu sést ekki frá Þrengslavegi, sunnan Lambafells. Ef efnistaka yrði hins vegar samkvæmt valkosti 2 yrðu sjónræn áhrif umtalsverð þar sem ummerki efnistökkunnar myndu blasa við vegfarendum sem koma sunnan úr Ölfusi um Þrengslaveg.

*Samlegðaráhrif.* **Skipulagsstofnun** telur óhjákvæmilegt að umfangsmikil efnistaka úr Lambafelli úr námu Sveitarfélagsins Ölfuss og Hjallatorfu muni hafa í för með sér talsvert neikvæð sjónræn áhrif og óafturkræf áhrif á landslag. Almennt telur Skipulagsstofnun þó mikilvægt að efni sé tekið úr fáum stórum námum, þar sem skipulega er gengið til verks, í stað þess að efni sé tekið úr litlum og dreifðum námum með tilheyrandi slóðagerð og öðru raski. Stofnunin telur brýnt að náíð samstarf verði milli rekstraraðila við frágang námanna og að báðir aðilar skilji við svæðið þannig að frágangur þeirra skapi eina samfellda heild. Þar telur Skipulagsstofnun brýnast að halli fláa verði svipaður og á hlíðum fjalla í nágrenni Lambafells. Einnig að uppgræðsla svæðisins hafi það að markmiði að græða námurnar með gróðri sem vex við námurnar og hlífa uppgræðslusvæði við beit til að flýta fyrir því að gróður nái sér á strik og gróðurframvinda verði hröð.

### 3.1.2 Áhrif á loftgæði

Í matsskýrslu kemur fram að náma Jarðefnaiðnaðar sé fjarri mannabyggð og minnsta fjarlægð úr námu að Þrengslavegi sé um 200 m og um 1800 m að Hringvegi (1).

<sup>1</sup> Mismunandi kostir til nýtingar á námu eru kallaðir *tillögur* í matsskýrslu Jarðefnaiðnaðar en *valkostir* í matsskýrslu Árvéla.



Loftmengunin frá vinnuvélum og flutningstækjum sé lítil, sérstaklega í samanburði við mengun frá umferð um þjóðveginn við námusvæðið. Efni úr námunni innihaldi frekar lítið fínefni (silt), miðað við sambærilegar námur. Ríkjandi vindáttir séu úr norðri og norðaustri og helst sé hætta á rykfok í þurrviðri, sem fylgir norðanáttinni. Norðanátt leggi inn í námuna og ósennilegt sé að ryk eða finn sandur berist úr námunni og út á Þrengslaveg, svo nokkru nemi. Ekki sé vitað til þess að skemmdir hafi orðið á farartækjum af völdum sandfoks frá námunni eða veginum sem liggja frá þjóðvegi að námusvæði. Framkvæmdaraðili telur áhrif sand/rykmengunar vegna efnistökkunnar verði óveruleg.

Í athugasemd Umhverfisstofnunar við frummatsskýrslu kemur fram að þó efnið í námunni innhaldi lítið silt þá brotni gróft efni niður á veginum sem liggur að námunni og iðulega sé allnokkur rykmengun frá veginum í þurru veðri. Búast megi við að stærsti hluti rykmengunar frá námunni sé af þeim völdum. Draga megi úr menguninni með því að leggja bundið slitlag á námuveginn. Framkvæmdaraðili bendir á að ekki hafi verið kvartað yfir rykmengun frá námusvæðinu. Leggur hann til að fyrirtækin, sem vinna efni úr samliggjandi námum í Lambafelli, Jarðefnaiðnaður og Árvélar, taki sig saman og leggi bundið slitlag á sameiginlegan aðkomuveg að námunum.

**Skipulagsstofnun** bendir á að Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gerir ekki athugasemdir varðandi hugsanlega loft- eða rykmengun. Skipulagsstofnun tekur því ekki afstöðu til hugsanlegra áhrifa slíkrar mengunar eða virkni mótvægisáðgerða til að draga úr henni, sem framkvæmdaraðili hefur sett fram í matsskýrslu.

### 3.1.3 Áhrif á samfélag og landnotkun

Í matsskýrslu kemur fram að fyrirhugað sé að styrkja vegakerfið að framkvæmdasvæðinu og ætla megi að hluti efnisins úr Lambafelli verði nýtt til þeirrar framkvæmdar. Gert sé ráð fyrir að megnið af efninu verði flutt til höfuðborgarsvæðisins og áætlað sé að það þurfi 110 ferðir flutningabíla á dag til þess að anna efnistöku upp á 600.000 m<sup>3</sup> á ári, sem bætist við núverandi umferð um Þrengslaveg (39). Fram kemur að Þrengslavegur eigi auðveldlega að bera þá umferð og búið sé að gera góða tengingu af Þrengslavegi inn á Hringveg í Svínahrauni. Í áætlunum Vegagerðarinnar vegna breikkunar Hringvegar á þessu svæði (2+1 vegur) sé gert ráð fyrir að vegurinn anní 15.000 bílum á dag, sem verði áætluð meðalumferð 2025-2030. Áhrif aukinnar umferðar vegna efnistöku Jarðefnaiðnaðar í Lambafelli verði því óveruleg.

Fram kemur að efnistakan sé fjarri byggð og svæðið umhverfis hafi einkum haft gildi sem beitarrand og útivistarsvæði. Stærð efnistökusvæðisins sé lítið brot af upprekstrarlandi sveitarfélagsins og því skipti það ekki máli í samhengi við sauðfjárbreit innan Ölfuss. Efnistaka hafi verið stunduð í Lambafelli um áratuga skeið; efnið úr námunni teljist gott sem fyllingarefni og hagkvæmt sé fyrir fyrirtæki í mannvirkjagerð að fá efni þaðan. Í matsskýrslu kemur fram að framkvæmdir Jarðefnaiðnaðar muni fjölga atvinnutækifærum og tekjur verði til fyrir sveitarfélagið. Samfélagsleg áhrif framkvæmdanna verði verulega jákvæð, fyrir heimamamenn og mannvirkjagerð á suðvesturhorni landsins.

Í matsskýrslu kemur fram að Lambafell sé í grennd við Bláfjöll og Hengil, sem séu vinsæl útivistar- og göngusvæði. Vestan við Lambafell séu mörk Bláfjallafólkvangs í um 5 km fjarlægð, en Hengilsvæðið sé fjær. Röskun vegna efnistökkunnar muni ekki sjást frá fólkvanginum og Eldborgum, vestan og sunnan við Lambafell. Forn gata, svonefndur Reykjavegur, liggja á milli Lambafellshnúks og Lambafells að norðanverðu, sem ekki verði raskað með framkvæmdunum. Jarðefnaiðnaður telur að

framkvæmdir í Lambafelli muni hafa óveruleg áhrif á útivist á Bláfjalla- og Hengilsvæði og göngustígum í námunda við framkvæmdasvæðið. Ætlunin sé að umgengni á námusvæðinu verði snyrtileg meðan á framkvæmdum standi og frágangur í lok framkvæmdar verði vandaður.

Í umsögn Umhverfisstofnunar um frummatsskýrslu telur stofnunin að með tilliti til áhrifa á útivist sé Tillaga 2 betri kostur en Tillaga 1, þar sem sú tillaga geri ráð fyrir að mörk námusvæðisins verði í meiri fjarlægð frá gönguleiðinni um Reykjaveg en tillaga 1. Framkvæmdaraðili fellst ekki á þessa athugasemd og bendir á að gamall námuvegur liggja frá Þrengslavegi að gömlu og grónu efnistökusvæði þaðan sem gengið er upp á Reykjaveg. Jarðefnaíðnaður telur að tillaga 1a tryggi fyllilega verndun Reykjavegar.

**Skipulagsstofnun** telur að áframhaldandi efnistaka í Lambafelli á athafnasvæði Jarðefnaíðnaðar hafi ekki bein áhrif á vinsælar gönguleiðir eða annars konar útivist á svæðinu. Hins vegar hafi efnistakan nokkur óbein neikvæð áhrif á upplifun útivistarfólks í nágrenni Lambafells að norðanverðu, þar sem náman mun blasa við gangandi vegfarendum.

### 3.2 ÁHRIF Á MENNINGARMINJAR

Í matsskýrslu kemur fram að við vettvangskönnun hafi engar fornleifar komið í ljós og litlar líkur séu á að þær finnast á svæðinu. Þó sé gömul gata milli Lambafells og Lambafellshnjúks, Reykjavegur, sem hafi lítið minja- og varðveislugildi. Engar heimildir séu um að þarna kunni að leynast fornleifar og hafi efnistakan því engin áhrif á fornleifar.

**Skipulagsstofnun** telur hverfandi líkur til þess að framkvæmdirnar hafi neikvæð áhrif á menningarminjar. Ef fornleifar finnast meðan á framkvæmdum stendur ber framkvæmdaraðili að stöðva framkvæmd og hafa samráð við Fornleifavernd ríkisins um framvindu verksins.

### 3.3 ÁHRIF Á NÁTTÚRUFAR

#### 3.3.1 Áhrif á vatnafar

Í matsskýrslu kemur fram að námusvæðið sé ekki á vatnsverndarsvæði. Vatnafar svæðisins einkennist af fjallakeðju, sem liggja frá suðvestri til norðausturs, þ.e. Litli Meitill, Stóri Meitill, Stóra Reykjafell og Hengill og fjöllin hafi þéttar bergmyndanir sökum jarðhita. Suðvestan við þessa fjallakeðju streymi grunnvatn frá námusvæðinu neðanjarðar eftir svokölluðum Selvogsstraumi, undir fjöll austan við Bláfjöll og til sjávar austan Selvogs. Engar uppsprettur eða stöðuvötn séu á leið Selvogsstraums og engir þéttbýliskjarnar nýti grunnvatn hans. Vegna lítills yfirborðsrennslis sé erfitt að mæla og vakta ár og læki með tilliti til mengunar. Að mati framkvæmdaraðila eru litlar líkur á að vatn mengist vegna framkvæmdanna, sem helst geti orðið vegna olíuleka frá vinnuvélum. Varabirgðir af olíu verði geymdar í litlum olíutanki (kálfi) á svæðinu auk þess sem olía verður í tönkum og vökvakerfi vinnuvéla. Ef upp komi olíuleki verði um takmarkað magn að ræða. Til mótvægis þeirri hættu sé gert ráð fyrir að olíubirgðir, sem geymdar verði á svæðinu, verði haldið í lágmarki. Einnig verði lögð áhersla á gott viðhald vinnuvéla og þess gætt að lek tæki verði ekki á svæðinu. Ef olíuslys verði skuli gripið til viðeigandi ráðstafana.

Í athugasemd Umhverfisstofnunar við frummatsskýrslu kemur fram að ekki sé ljóst hvort á svæðinu séu önnur vatnsból, en þau sem þéttbýlissvæði nýta. Ekki sé heldur getið um starfsemi vatnsátöppunarverksmiðju í landi Hlíðarenda, sem hugsanlega sé innan Selvogsstraums. Stofnunin leggur áherslu á að varúðar verði gætt í meðferð og



notkun mengandi efna á framkvæmdasvæðinu í samræmi við starfsleyfi. Framkvæmdaraðili telur áhrif framkvæmdanna á vatnsátöppunarverksmiðju í landi Hlíðarenda verða óveruleg þar sem hættu á mengunarslysi sé óveruleg. Tekur framkvæmdaraðili undir með Umhverfisstofnun varðandi nauðsyn þess að fyllstu varúðar verði gætt í meðferð og notkun mengandi efna á svæðinu.

**Skipulagsstofnun** telur líkur fyrir því að áhrif framkvæmdanna á vatnafar, þar með talið grunn- og neysluvatn, verði óverulega neikvæð. Sveitarstjórn hefur tök á að setja skilyrði í framkvæmdaleyfi og heilbrigðiseftirlit í starfsleyfi, sem taka sérstaklega á meðferð efna, er kunna að valda mengun á grunnvatni. Jafnframt hefur framkvæmdaraðili kynnt í matsskýrslu aðgerðir sem hann ætli að framfylgja, til að lágmarka hættu á mengunarslysi, sem felast í því að hafa jafnan litlar olúbyrgðir á framkvæmdasvæðinu og tryggja gott viðhald vinnuvéla til að fyrirbyggja að þær leki olíu.

### 3.3.2 Áhrif á gróður og dýralíf

Í matsskýrslu kemur fram að í vettvangsrannsókn fannst engin sjaldgæf planta og engar válistaplöntur vaxi á svæðinu. Rof sé í gamburmosa ofan við brúnir námu Árvéla, sem líklega orsakast af foki á sandi og ryki úr námunni eða hvössum vindi í fjallsbrúnum Lambafells. Fram kemur að til mótvægis við gróðurskemmdir vegna efnistöku úr námunni ætli Jarðefnaiðnaður, að framkvæmd lokinni, að grípa til aðgerða sem ýti undir að gróður í næsta nágrenni námunnar taki bólfestu þar á ný.

Í athugasemdum Umhverfisstofnunar við frummatsskýrslu kemur fram að stofnunin telji að samstarf við sérfræðinga um uppgræðslu sé nauðsynleg, þegar gengið verði frá námu að framkvæmdum loknum. Fara eigi eftir tillögum sem kynntar séu í sérfræðiskýrslu með matsskýrslu, sem geri ráð fyrir að við uppgræðslu verði notaðar plöntur sem vaxa við þau umhverfisskilyrði sem séu á svæðinu. Líklega þurfi að girða af uppgræðslusvæðið, til að flýta fyrir því að gróður nái sér á strik og gróðurframvinda verði hröð. Framkvæmdaraðili tekur undir athugasemdir Umhverfisstofnunar og bendir á að verið sé að gera landbætur á röskuðum efnistökusvæðum við Gígahnjúka, ofan við Skíðaskálabrekku og víðar á Hellisheiði. Þar fáiast dýrmæt reynsla og þekking á þessu sviði sem hægt verði að nýta við frágang eftir framkvæmdir Jarðefnaiðnaðar í Lambafelli.

Í matsskýrslu kemur fram að kannað var dýralíf norðan í Lambafelli, efst í fjallinu og á svæðinu milli Lambafells og Þrengslavegar. Þrjár tegundir fugla fundust: þrjú steindepilspör, þúfutittlingur og stelkur. Ekki sé vitað til þess að fugl á válista verpi innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis í Lambafelli eða að villt spendýr haldi til á svæðinu. Áhrif framkvæmdanna á dýralíf verði óveruleg og engar mótvægisáðgerðir séu fyrirhugaðar vegna áhrifa á dýralíf.

**Skipulagsstofnun** er sammála þeim vægisáhrifum sem fram koma í matsskýrslu og telur áhrif efnistökkunnar á gróður og fugla verða óveruleg.

### 3.3.3 Áhrif á jarðmyndanir

Í matsskýrslu kemur fram að gerð var almenn lýsing á jarðfræði og jarðmyndunum á efnistökusvæðinu, út frá sérstöðu og verndargildi og miðað við 100 m út frá mörkum framkvæmdasvæðis. Lambafell sé móbergsstapi á miðju vestara gosbeltinu, sem nái frá Reykjanesi norður í Langjökul. Stapinn hafi byggst upp undir jökli á síðari hluta ísaldar, eða fyrir minna en 0,7 milljónum ára. Langur hryggur gangi suður úr Lambafelli sem nefnist Lambafellsháls. Norður úr fjallinu gengi minni háls, svokallaður Lambafellshnúkur. Neðsti og stærsti hluti Lambafells sé gerður úr

grófkorna skálöguðu móbergi sem nái upp undir 420 m.y.s. Þar ofan við skiptist á mismunandi grágrýtis- og móbergslög. Skammt sunnan Lambafellshnúks, þar sem efnisvinnslusvæði Jarðefnaiðnaðar sé fyrirhugað, er u.þ.b. 100 m þykkt grágrýtislag. Það sé grófkorna og liggi yfir skálaga móberginu og nái næstum upp á hæsta tind Lambafells. Tindurinn sé aftur á móti úr móbergstúffi. Fram kemur að efni í námu Jarðefnaiðnaðar hafi til þessa verið unnið úr skálaga móbergi eða bólstrabergi, sem grunnur Lambafells sé gerður úr. Vinnslusvæðið muni ná upp í 520 m.y.s. og sé fyrirhugað að vinna einnig efni úr grágrýti, sem liggi yfir bólstraberginu.

Í matsskýrslu kemur fram að í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun sé lögð áhersla á að vernda landslag og sérstæð fyrirbæri, svo sem móbergsfjöll. Einnig sé talið æskilegt fyrir sjálfbæra þróun að nám jarðefna fari fram á fáum og afmörkuðum námasvæðum því fáar og stórar námur hafi minni neikvæð sjónræn áhrif í för með sér en margar litlar. Samkvæmt 37. grein náttúruverndarlaga njóti eldhraun eða nútímahraun sérstakrar verndar og skal forðast að raska þeim eins og kostur er. Fram kemur að námuvinnsla hafi verið stunduð í Lambafelli í næstum 50 ár og því sé fjallið ekki lengur óraskað móbergsfjall. Áframhaldandi vinnsla í Lambafelli stuðli að því að nám jarðefna fari fram á stærri og færri stöðum. Svínahraunsbruni sé við rætur námasvæðanna í Lambafelli og hafi honum þegar verið raskað, þar sem aðkeyrsla að námum og vinnsluplan liggi yfir hraunið. Við frekari vinnslu í námu Jarðefnaiðnaðar þurfi ekki að raska hrauninu frekar en orðið er. Ljóst sé að fyrirhuguð efnistaka muni hafa mikil áhrif þar sem hluti Lambafells verði fjarlægður. Ekki verði frekara rask á sérstæðum náttúruminum á efnistökusvæðinu en orðið sé. Með hliðsjón af því að framkvæmdin sé óafturkræf verði áhrif efnistöku í Lambafelli talsvert neikvæð, en ekki sé gert ráð fyrir sérstökum mótvægisáðgerðum til að draga úr þeim áhrifum.

Í athugasemdum Umhverfisstofnunar við frummatsskýrslu bendir stofnunin á að samkvæmt afmörkun námusvæðis á loftmyndum nái námusvæðið inn á óraskaðan hluta hrauntungu milli Þrengslavegar og fjallshlíðar. Stofnunin telji að afmarka eigi efnistökusvæði í Lambafelli þannig að hrauntungunni verði ekki raskað frekar en orðið er, til að hlífa jarðmyndunum sem njóta verndar og til að áhrif á nærsvæði vegarins verði sem minnst. Jafnframt telur stofnunin að útbúa eigi vinnuástöðu vegna efnistökkunnar á svæði sem búið er að raska. Í matsskýrslu kemur fram að Jarðefnaiðnaður muni taka tillit til athugasemda Umhverfisstofnunar og hefur samkvæmt Tillögu 1a fært línu, sem afmarkar vinnslusvæði við hrauntunguna, nær fjallshlíðinni en Tillaga 1 geri ráð fyrir. Stærð vinnslusvæðis minnki um tæpan 1 ha með þessari breytingu. Framkvæmdaraðili bendir þó á að í viðkomandi hrauntungu sé gamall og gróin námuvegur og efnistökusvæði.

**Skipulagsstofnun** tekur undir með framkvæmdaraðila og telur að áhrif efnistöku Jarðefnaiðnaðar í Lambafelli hafi talsverð neikvæð áhrif á jarðmyndanir og telur stofnunin að útfærsla efnistöku í samræmi við Tillögu 1a sé til bóta.

### 3.4 STAÐA SKIPULAGS OG LEYFISVEITINGA

Varðandi stöðu skipulags og leyfisveitinga vegna efnistöku í Lambafelli í landi Sveitarfélagsins Ölfuss bendir Skipulagsstofnun á eftirfarandi:

- Gert er ráð fyrir efnistöku á tveimur stöðum í Lambafelli í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014, en unnið er að endurskoðun þess og er efnistaka Jarðefnaiðnaðar í landi Sveitarfélagsins Ölfuss í samræmi við áætlaðar breytingar á því.
- Vinna þarf deiliskipulag af efnistökusvæðunum í Lambafelli.

- Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Ölfuss skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
- Framkvæmdin er háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

#### 4 NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og 24. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Jarðefnaiðnaðar, sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Matsskýrsla Jarðefnaiðnaðar byggði á auglýstri frummatsskýrslu, umsögnum og athugasemdum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og afstöðu Jarðefnaiðnaðar til þeirra.

Skipulagsstofnun telur að matsskýrsla Jarðefnaiðnaðar hafi uppfyllt skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hvað varðar þau atriði sem getið er í 18. grein reglugerðar nr. 1123/2005. Einnig telur stofnunin að í matsskýrslu sé gerð grein fyrir athugasemdum og umsögnum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og þeim sé svarað á fullnægjandi hátt.

Skipulagsstofnun telur að mestu umhverfisáhrif efnistökkunnar úr Lambafelli í landi Sveitarfélagsins Ölfuss verði sjónræn sem og áhrif á landslag og jarðmyndanir. Þau áhrif verði talsvert neikvæð en til mótvægis kemur að efnistaka Jarðefnaiðnaðar og Árvéla í Lambafelli er í samræmi við það markmiði stjórnvalda að hafa efnisnámur fremur fáar og stórar í stað margra minni náma. Skipulagsstofnun telur líkur fyrir því að áhrif framkvæmdanna á grunn- og neysluvatn verði óveruleg. Stofnunin telur að Sveitarfélagið Ölfus og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hafi tök á að setja skilyrði í framkvæmdaleyfi og starfsleyfi, sem taka sérstaklega á meðferð efna, er kunna að valda mengun á grunnvatni. Jafnframt hvetur stofnunin til þess að framkvæmdaraðili framfylgi áformum sínum um að hafa jafnan litlar olfubýrgðir á framkvæmdasvæðinu og tryggja gott viðhald vinnuvéla til að fyrirbyggja að þær leki olíu, til að lágmarka hættu á mengunarslysi

Skipulagsstofnun telur að sá kostur sem Jarðefnaiðnaður velur, þ.e. Tillaga 1a, feli í sér meiri sjónræn áhrif en ef unnið verði eftir Tillögu 2. Því veldur fyrirkomulag efnistökkunnar, sem gerir ráð fyrir að norðuröxl Lambafells verði numin í burtu strax í fyrsta áfanga og því mun efnistakan sjást greinilega úr norðri. Tillaga 2 gerir hins vegar ráð fyrir því að norðuröxlin fái að halda sér. Skipulagsstofnun telur að þó Tillaga 1a verði fyrir valinu, megi draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum efnistökkunnar með því að fylgja Tillögu 2 í fyrstu áföngum. Samkvæmt því haldist norðausturhlíð fellsins eins og hún er nú og hún ekki fjarlægð fyrr en í síðasta áfanga efnistökkunnar. Skipulagsstofnun telur að með því móti verði unnt að draga úr sjónrænum áhrifum efnistökkunnar til norðurs, a.m.k. þar til í lok framkvæmda. Skipulagsstofnun telur að ekki verði hjá því komist að áhrif efnistökkunnar á landslag verði talsvert neikvæð og óafturkræf. Almennu telur Skipulagsstofnun þó mikilvægt að efni sé tekið úr fáum stórum námum, þar sem skipulega er gengið til verks, í stað þess að efni sé tekið úr litlum og dreifðum námum með tilheyrandi slóðagerð og öðru raski. Skipulagsstofnun telur vera óverulegan mun á áhrifum mismunandi tillaga við efnisnám í landi Sveitarfélagsins Ölfuss á menn og samfélag, menningarminjar, vatnafar, gróður og dýralíf.

Skipulagsstofnun telur óhjákvæmilegt að samanlögð efnistaka úr landi Sveitarfélagsins Ölfuss (Jarðefnaiðnaður) og Hjallatorfu (Árvélar) muni hafa talsverð neikvæð sjónræn áhrif í för með sér. Stofnunin telur brýnt að náið samstarf verði milli rekstraraðila við frágang náma í landi Sveitarfélagsins Ölfuss og Hjallatorfu og að báðir aðilar skilji við svæðið þannig að frágangur námanna skapi eina samfellda heild. Þar telur Skipulagsstofnun brýnast að halli fláa verði svipaður og á hlíðum fjalla í nágrenni Lambafells. Einnig að uppgræðsla svæðisins hafi það að markmiði að græða námurnar með gróðri sem vex við námurnar og hlífa uppgræðslusvæði við beit til að flýta fyrir því að gróður nái sér á strik og gróðurframvinda verði hröð.

Skipulagsstofnun telur að það sé háð verktilhögun við framkvæmdir og mótvægisáðgerðir, sem kynnt var við meðferð málsins, hvernig til tekst með að draga úr áhrifum framkvæmda og tengdri starfsemi á umhverfið.

Reykjavík, 30. október 2008.

Rut Kristinsdóttir

Sigmar Arnar Steingrímsson



Skipulags  
stofnun